

58. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 26. maí 2004 kl. 16:15 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Mættir: Katrín Pálsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Halla Dís Hallfreðsdóttir, Linda Sigurðardóttir, Sigrún Þórsteinsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Björn Sverrisson formaður.

1. Skýrslur skólastjóra.

Gunnar ræddi um síðustu skóladagana í grunnskólanum, námsmat og skólaslitin. Mannaráðningar næsta skólaár eru frágengnar. Á starfsdögum sem eru framundan mun starfsfólk skólans vinna að skólanámskrágerð. Gunnar ræddi um vetrarfrí og þá ákvörðun sem tekin var sl. skólaár að sleppa því. Þetta verður síðan endurmetið á starfsdögum. Einnig ræddi hann um 3ja anna kerfið sem verið hefur síðastliðin ár og er nú komið að því að endurskoða það kerfi. Mötuneyti í skólanum verður ekki næsta vetur en vonandi þarnæsta skólaár. Breytingar verða á niðurröðun bekkja. Í gamla skólanum verða næsta skólaár 1. – 5. bekkur og í nýja skólanum 6.-10. bekkur.

Björn gaf orðið frjálst um skýrslu Gunnars og varð mikil umræða um “opna daga” í lok skólans og um vetrarfrí. Fræðslunefnd var almennt mjög hlynnt þessu fyrirkomulagi. Gunnar lét ganga skipulag hreinsunarátaks bekkjanna en öllum götum bæjarins var skipt á milli árganga.

Sigrún sagði í stuttu máli frá námsferð starfsfólks leikskólans til Skotlands í apríl sl. sem tókst í alla staði mjög vel. Hún benti á að nákvæmari ferðalýsing væri í Stykkishólmspóstinum. Foreldrafélagið fór með börnin í Bjarnarhöfn og tókst ferðin mjög vel. Fimmtudaginn 27. maí verða skólaslit elsta árgangsins. Sumarfrí leikskólans verður frá 5. júlí - 9. ágúst. Verið er að vinna í skólanámskrá og mun sú vinna halda áfram í sumar. Í dag, 26. maí var opinn dagur í leikskólanum. Settar voru upp myndir og verk barnanna og foreldrar gátu skoðað afrakstur vetursins. Framundan er sumardagskrá, mikil útivera, gönguferðir og fleira.

Björn gaf orðið laust og var rætt um tilvonandi leikskólabyggingu. Undirbúningsnefndin er búin að skila sér punktum sem nú er verið að yfirfara.

2. Önnur mál

Formaður nefndarinnar, Katrín Gísladóttir og Anna Sigríður Guðmundsdóttir fóru á námskeið fyrir skólanefndir 16. maí sl. og verður farið yfir það nánar síðar.

Björn benti á grein sem birtist í Stykkishólmspóstinum frá Foreldraráðinu um starfssvið foreldraráðs grunnskólans.

Gunnar ræddi um samstarf foreldra og skóla og hugmyndir um breytingar. Um leið þakkaði hann núverandi stjórn fyrir góð störf. Ingibjörg Benediktssdóttir fulltrúi foreldrafélagsins þakkaði fyrir veturinn.

Fundi slitið kl 17:15.

Katrín Pálsdóttir,
Erna Guðmundsdóttir,
Gunnar Svanlaugsson,
Ingibjörg Benediktsdóttir,
Kristín Sigurðardóttir,
Halla Dís Hallfreðsdóttir,
Linda Sigurðardóttir,
Sigrún Þórsteinsdóttir,
Sigurborg Sturludóttir,
Ingveldur Eyþórsdóttir,
Björn Sverrisson,.